

13. ágúst 2019

Umsögn um mál nr. S-135/2019: Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Ungir umhverfissinnar (UU) hafa kynnt sér drög að tillögu þverpólítískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, er fjallar um skilgreiningu á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka og umfjöllun um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

UU fagna áframhaldandi vinnu að stofnun Miðhálandisþjóðgarðs og lýsa yfir fullum stuðningi við verkefnið. Einnig fagnar félagið því tækifæri að geta tekið þátt í samráðsferlinu jafn óðum og telur það mikilvægan þátt í því að ferlið sé vandað og unnið í samráði við alla hagaðila. Stofnun Miðhálandisþjóðgarðs sé ekki einungis tímamót í verndunarsögu landsins heldur einnig gífurlega mikilvægt samstarfsverkefni Alþingis, sveitarfélaga, atvinnulífs og samfélags í hinum víðasta skilningi.

1. Mörk þjóðgarðs

UU telja mikilvægt að mörk þjóðgarðs nái um allt svæðisskipulag miðhálandis og fagna því áherslum 2. og 5. liðar í megentillögu um mörk þjóðgarðs (bls. 5), er gera ráð fyrir mögulegu samstarfi við viðkomandi landeigendur. Vernd miðhálandisins feli í sér mikla hagsmuni, einkum til langs tíma, og því sé afar mikilvægt að gera á þennan hátt ráð fyrir ábyrgð og frumkvæði landeigenda í þessu stóra samstarfsverkefni. Sem dæmi má nefna svæðið vestan Langjökuls, Arnarvatnsheiði, Eiríksjökul, Hallmundarhraun og svæðið norðan Brúaröræfa.

2. Skipting í verndarflokka

Í tengslum við verndarflokka er mikilvægt að horfa til útfærslu byggða- og atvinnu-uppbyggingar sem skapar ávinning með lágmarks inngripi í náttúruna. UU fagna því sérstaklega þeirri áherslu að ekki komi til frekari stórtækra inngripa í náttúru og vistkerfi svæða innan miðhálandisins, s.s. í formi meiriháttar orkuvinnslu, enda skerði slíkt verndargildi miðhálandisins verulega og hafi jafnframt neikvæð áhrif á uppbyggingu er snýr að menningar- og náttúruminum. Annað gildi um smærri en þýðingarmikil verkefni, líkt og nefndin fjallar um í drögum sínum.

Varðandi það hvort núverandi virkjanir skuli falla innan eða utan þjóðgarðsmarka, þá er ljóst að aðskilið fyrirkomulag skapar flækjustig m.a. varðandi upplýsingagjöf til ferðamanna og almenna náttúruvernd, s.s. uppgræðslu. Eðlilegt er að þjóðgarðurinn sé heildstæð eining og að orkuvinnslusvæði lúti því yfirstjórn þjóðgarðs og þ.a.l. svæðisráða en ekki fyrirtækja, s.s. Landsvirkjunar, sem hafa enda aðrar áherslur en þjóðgarður. Slíkt ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á aðkomu virkjunaraðila, enda myndi það frekar efla samstarfstækifæri undir skýrari handleiðslu þar til bærs stjórnvalds, þ.e. þjóðgarðsins.

UU fagna jafnframt þeirri áherslu að stjórn resktrarsvæða byggi á forsendum heimaðila.

3. Aðkomuleiðir / þjónustumiðstöðvar

UU fagna því að þjónustumiðstöðvar verði skilgreindar í mismunandi flokka og er mikilvægt að meginþungi þjónustu (þjóðgarðsgáttir) verði utan við mörk þjóðgarðsins. Þessar miðstöðvar verði þá í alfaraleið þar sem samgöngur eru góðar. Innan þjóðgarðsmarka sé mikilvægt og jákvætt að leggja áherslu á að þjónustustig, og þ.a.l. umfang uppbyggingar, taki ávallt mið af náttúruverndarsjónarmiðum.

Að lokum er ánægjulegt að áhersla sé lögð á samstarf við aðila sem nú þegar starfa á miðhálandinu, enda sé slíkt lykilatriði í eflingu nærsamfélags og varðveislu menningarminja.

f.h. stjórnar Ungra umhverfissinna



Pétur Halldórsson, formaður

S. 848-3540, umhverfissinnar@gmail.com